Könnun meðal erlendra ferðamanna; júní – ágúst 1999



Ferðamálaráð Íslands Icelandic Tourist Board

Könnun meðal erlendra ferðamanna; júní – ágúst 1999

Umsjón og gerð skýrslu:
Oddný Þóra Óladóttir

Tölfræðiúrvinnsla:
Pricewaterhousecoopers ehf

Desember 1999

Efnisyfirlit

Uppbygging skýrslunnar 7
Viðauki 1 7
Viðauki 2 7
Viðauki 3 7
Framkvæmd og áreiðanleiki 7
Úrtakið 8
Tölfræðileg marktækni 9

Myndaskrá:

Samandregnar niðurstöður 11
Þjóðfélagsstaða 11
1: Hvaðan kom hugmyndin að Íslandsferð? 12
2: Hve löngu fyrir brottför fékkst hugmyndin að ferðinni/var ákvörðun tekin um ferðina? 13
3: Þættir sem höfðu áhrif á ákvörðun um Íslandsferð 14
4: Á hvaða árstíma komu þeir til landsins sem höfðu heimsótt landið áður og hve oft höfðu þeir komið? 15
5: Hvaðan voru upplýsingar um Ísland fengnar? 16
6: Af hverju áttu svarendur erfitt með að afla sér upplýsinga? 16
7: Hve löngu fyrir brottför var ferðin bókuð/keypt? 17
8: Hvar keyptu svarendur með flugi ferðina? 18
9: Tegund ferðar 18
10: Tilgangur ferðar 19
11: Með hverjum var ferðast? 19
12: Í hvaða landshluta var gist? 20
13: Hvaða gistimáti var nýttur? 20
14: Hvaða ferðamáti var nýttur? 21
15: Hvaða afþreying var nýtt á Íslandi? 22
Útgjöld 23
Útgjöld og eyðsluhættir þeirra sem voru í pakkaferð 23
16: Útgjöld einstaklings á dag fyrir utan pakkaferð - flokkuð svör 23
Útgjöld og eyðsluhættir þeirra sem ferðuðust á eigin vegum 24
17: Útgjöld einstaklings á eigin vegum á dag fyrir utan flug - flokkuð svör 24
18: Álit á íslenskum aðstæðum og ferðinni 25
19: Álit á náttúru, menningu/siðum, gestrisni, gæðum upplýsinga og fjöbreytni/gæðum minjagripa 26
19 frh: Álit á gistingu, mat/matargerð, verðlaginu og ferðinni í heild 27
20: Til hvaða afþreyingar fannst svarendum mest til koma í ferðinni? 28
21: Hversu vel/illa lýsa eftirfarandi staðhæfingar ástandinu? 29

©Ferðamálaráð Íslands

22: Eru svarendur reiðubúnir að greiða aðgangseyri að þjóðgörðum, friðuðum svæðum og vinsælum ferðamannastöðum 31
23: Mat á verðlagningu einstakra þátta ferðaþjónustunnar 31
24: Á hvaða árstíma vildu svarendur koma aftur og innan hve margra ára? 33
Hvernig lýsa svarendur Íslandi með einu orði? 34

Töfluskrá:

Viðauki 1 35
Viðauki 1.1 Þjóðfélagseinkenni 37
1.1: Kyn svarenda (%) 39
1.2: Aldur svarenda 39
1.3: Aldur flokkaður (%) 40
1.4: Starfsstétt svarenda (%) 40
1.5: Menntun svarenda (%) 41
1.6: Tekjur svarenda miðað við meðaltal í eigin landi (%) 41

Viðauki 2 43
Viðauki 2.1 Ákvörðunarferlið 45
2.1: Hvaðan kom hugmyndin að Íslandsferð? (%) 47
2.2: Hve löngu fyrir brottför varð hugmyndin um Íslandsferð til? 48
2.3: Hve löngu fyrir brottför var endanleg ákvörðun tekin um ferðina? 48
2.4: Þættir sem höfðu áhrif á ákvörðun um Íslandsferð (%) 49
2.5: Höfðu svarendur komið áður til Íslands? (%) Á hvaða árstíma? (%) 50
2.6: Hve oft höfðu þeir komið sem heimsótt hafa landið áður? (%) 50
2.7: Hvaðan voru upplýsingar um Ísland fengnar? (%) 51
2.8: Áttu svarendur í erfiðleikum með að afla sér upplýsinga um Ísland? (%) 52
2.9: Af hverju áttu svarendur erfitt með að afla upplýsinga? (%) 52
2.10: Hve löngu fyrir brottför var ferðin bókuð/keypt? 53
2.11: Hvar var ferðin keypt - flugfarþegar? (%) 53
2.12: Tegund ferðar (%) 54

Viðauki 2.2 Ferðahegðun á Íslandi 55
2.13: Tilgangur ferðar (%) 57
2.14: Með hverjum var ferðast? (%) 57
2.15: Meðalfjöldi gistinátta í ferðinni - gistinætur flokkaðar 58
2.16: Í hvaða landshluta var gist? (%) 58
2.17: Meðalfjöldi gistinátta í Reykjavík - gistinætur flokkaðar 59
2.18: Meðalfjöldi gistinátta á Vesturlandi - gistinætur flokkaðar 59
2.19: Meðalfjöldi gistinátta á Vestfjörðum - gistinætur flokkaðar 60

©Ferðamálaráð Íslands

2.20: Meðalfjöldi gistinátta á Norðurlandi - gistinætur flokkaðar 60
2.21: Meðalfjöldi gistinátta á Austurlandi - gistinætur flokkaðar 61
2.22: Meðalfjöldi gistinátta á Suðurlandi - gistinætur flokkaðar 61
2.23: Meðalfjöldi gistinátta á hálendinu - gistinætur flokkaðar 62
2.24: Hvaða gistimáti var nýttur? (%) 62
2.25: Meðalfjöldi gistinátta á hóteli - gistinætur flokkaðar 63
2.26: Meðalfjöldi gistinátta á gistiheimili - gistinætur flokkaðar 63
2.27: Meðalfjöldi gistinátta í bændagistingu - gistinætur flokkaðar 64
2.28: Meðalfjöldi gistinátta á farfuglaheimili - gistinætur flokkaðar 64
2.29: Meðalfjöldi gistinátta í tjaldi/húsvagni - gistinætur flokkaðar 65
2.30: Meðalfjöldi gistinátta hjá vinum/ættingjum - gistinætur flokkaðar 65
2.31: Hvaða ferðamáti var nýttur? (%) 66
2.32: Hvaða afþreying var nýtt? (%) 67

Viðauki 2.3 Útgjöld og eyðsluhættir 69

Allir svarendur:

2.33: Heildarútgjöld einstaklings á Íslandi fyrir utan ferðakostnað til landsins (Ikr) 71
2.34: Útgjöld einstaklings á Íslandi á dag fyrir utan ferðakostnað til landsins (Ikr) 71

Þeir sem voru í pakkaferð:

2.35: Verð pakkaferðar á mann (Ikr) 72
2.36: Hvað var innifalið í pakkaferðinni? (%) 72
2.37: Heildarútgjöld einstaklings á Íslandi fyrir utan pakkaferð (Ikr) 73
2.38: Útgjöld einstaklings á dag fyrir utan pakkaferð (Ikr) 73
2.39: Útgjöld (Ikr) einstaklings á dag - flokkuð svör (%) 74

Þeir sem ferðuðust á eigin vegum:

2.40: Verð á flugmiða á mann (Ikr) 74
2.41: Heildarútgjöld einstaklings á Íslandi fyrir utan flug (Ikr) 75
2.42: Útgjöld einstaklings á dag fyrir utan flug (Ikr) 75
2.43: Útgjöld (Ikr) einstaklings á dag - flokkuð svör (%) 76

Viðauki 2.4 Huglægt mat 77

2.44: Álit á íslenskri náttúru (einkunnagjöf frá 0-10) 79
2.45: Álit á íslenskri menningu/siðum (einkunnagjöf frá 0-10) 79
2.46: Álit á gestrisni Íslendinga (einkunnagjöf frá 0-10) 80
2.47: Álit á gæðum upplýsinga til ferðamanna (einkunnagjöf frá 0-10) 80
2.48: Álit á fjölbreytni/gæðum minjagripa (einkunnagjöf frá 0-10) 81
2.49: Álit á gistingu í ferðinni (einkunnagjöf frá 0-10) 81
2.50: Álit á íslenskum mat/matargerð (einkunnagjöf frá 0-10) 82
2.51: Álit á verðlaginu (einkunnagjöf frá 0-10) 82

©Ferðamálaráð Íslands

2.52: Einkunn fyrir ferðina í heild (einkunnagjöf frá 0-10) 83
2.53: Til hvaða afþreyingar fannst svarendum mest til koma í ferðinni? (%) 83
Hversu vel/illa lýsa eftirfarandi staðhæfingar ástandinu? (sjá töflur 2.54 - 2.59)
2.54: „Kynningarefni gefur rétta mynd af Íslandi" (%) 85
2.55: „Ísland er hreint og ómengað land" (%) 85
2.56: „Ísland er öruggur ferðamannastaður" (%) 86
2.57: „Menning Íslands sker sig úr" (%) 86
2.58: „Ísland býður upp á fjölbreytta afþreyingu fyrir ferðamenn" (%) 87
2.59: „Það er gott að versla á Íslandi" (%) 87
2.60: Eru svarendur reiðubúnir að greiða aðgangseyri að þjóðgörðum landsins? (%) 88
2.61: Eru svarendur reiðubúnir að greiða aðgangseyri að friðuðum svæðum landsins? (%) 88
2.62: Eru svarendur reiðubúnir að greiða aðgangseyri að vinsælum ferðamannastöðum sem ekki hafa verndunargildi? (%) 89
Mat á verðlagningu einstakra þátta ferðaþjónustunnar (sjá töflur 2.63 - 2.71)
2.63: Mat á flugverði til Íslands (%) 90
2.64: Mat á gistiverði (%) 90
2.65: Mat á verðlagningu matar á veitingastöðum (%) 91
2.66: Mat á verðlagningu drykkja á veitingastöðum (%) 91
2.67: Mat á verðlagningu skoðunarferða (%) 92
2.68: Mat á verðlagningu bílaleigubíla (%) 92
2.69: Mat á verðlagningu annarra ferðamáta (%) 93
2.70: Mat á verðlagningu á gjafavöru/minjagripum (%) 93
2.71: Mat á verðlagningu á skemmtun/afþreyingu (%) 94
2.72: Hafa svarendur áhuga á að koma aftur til Íslands? (%) Á hvaða árstíma? (%) 94
2.73: Innan hve margra ára vilja svarendur koma aftur? (%) 95
2.74: Hvernig lýsa svarendur Íslandi með einu orði - flokkuð svör? (%) 96
2.74 frh: Hvernig lýsa svarendur Íslandi með einu orði - annað? (%) 97

Viðauki 3 99
Viðauki 3.1 Ákvörðunarferlið 101
3.1: Hvaðan kom hugmyndin að Íslandsferð? (%) 103
3.2: Hve löngu fyrir brottför varð hugmyndin um Íslandsferð til? 105
3.3: Hve löngu fyrir brottför var endanleg ákvörðun tekin um ferðina? 106
3.4: Þættir sem höfðu áhrif á ákvörðun um Íslandsferð? (%) 107
3.5: Höfðu svarendur komið áður til Íslands? (%) Á hvaða árstíma? (%) 109
3.6: Hve oft höfðu þeir komið sem heimsótt hafa landið áður? (%) 110
3.7: Hvaðan voru upplýsingar um Ísland fengnar? (%) 111
3.8: Hve löngu fyrir brottför var ferðin bókuð/keypt? 113
3.9: Hvar var ferðin keypt - flugfarþegar? (%) 114

©Ferðamálaráð Íslands

3.10: Tegund ferðar (%) 116

Viðauki 3.2 Ferðahegðun á Íslandi 117

3.11: Tilgangur ferðar (%) 119

3.12: Með hverjum var ferðast? (%) 120

3.13: Meðalfjöldi gistinátta í ferðinni - gistinætur flokkaðar 121

3.14: Í hvaða landshluta var gist? (%) 122

3.15: Meðalfjöldi gistinátta í Reykjavík - gistinætur flokkaðar 123

3.16: Meðalfjöldi gistinátta á Vesturlandi - gistinætur flokkaðar 124

3.17: Meðalfjöldi gistinátta á Vestfjörðum - gistinætur flokkaðar 125

3.18: Meðalfjöldi gistinátta á Norðurlandi - gistinætur flokkaðar 126

3.19: Meðalfjöldi gistinátta á Austurlandi - gistinætur flokkaðar 127

3.20: Meðalfjöldi gistinátta á Suðurlandi - gistinætur flokkaðar 128

3.21: Meðalfjöldi gistinátta á hálendinu - gistinætur flokkaðar 129

3.22: Hvaða gistimáti var nýttur? (%) 130

3.23: Meðalfjöldi gistinátta á hóteli - gistinætur flokkaðar 131

3.24: Meðalfjöldi gistinátta á gistiheimili - gistinætur flokkaðar 132

3.25: Meðalfjöldi gistinátta í bændagistingu - gistinætur flokkaðar 133

3.26: Meðalfjöldi gistinátta á farfuglaheimili - gistinætur flokkaðar 134

3.27: Meðalfjöldi gistinátta í tjaldi/húsvagni - gistinætur flokkaðar 135

3.28: Meðalfjöldi gistinátta hjá vinum/ættingjum - gistinætur flokkaðar 136

3.29: Hvaða ferðamáti var nýttur? (%) 137

3.30: Hvaða afþreying var nýtt? (%) 139

Viðauki 3.3 Útgjöld og eyðsluhættir 141

Allir svarendur:

3.31: Heildarútgjöld einstaklings á Íslandi fyrir utan ferðakostnað til landsins (Ikr) 143

3.32: Útgjöld einstaklings á Íslandi á dag fyrir utan ferðakostnað til landsins (Ikr) 144

Þeir sem voru í pakkaferð:

3.33: Verð pakkaferðar á mann (Ikr) 145

3.34: Hvað var innifalið í pakkaferðinni? (%) 146

3.35. Heildarútgjöld einstaklings á Íslandi fyrir utan pakkaferð (Ikr) 147

3.36: Útgjöld einstaklings á dag fyrir utan pakkaferð (Ikr) 148

Þeir sem ferðuðust á eigin vegum:

3.37: Verð á flugmiða á mann (Ikr) 149

3.38: Heildarútgjöld einstaklings á Íslandi fyrir utan flug (Ikr) 150

3.39: Útgjöld einstaklings á dag fyrir utan flug (Ikr) 151

©Ferðamálaráð Íslands

Viðauki 3.4 Huglægt mat 153

3.40: Álit á íslenskri náttúru (einkunnagjöf frá 0-10) 155

3.41: Álit á íslenskri menningu/siðum (einkunnagjöf frá 0-10) 156

3.42: Álit á gestrisni Íslendinga (einkunnagjöf frá 0-10) 157

3.43: Álit á gæðum upplýsinga til ferðamanna (einkunnagjöf frá 0-10) 158

3.44: Álit á fjölbreytni/gæðum minjagripa (einkunnagjöf frá 0-10) 159

3.45: Álit á gistingu í ferðinni (einkunnagjöf frá 0-10) 160

3.46: Álit á íslenskum mat/matargerð (einkunnagjöf frá 0-10) 161

3.47: Álit á verðlaginu (einkunnagjöf frá 0-10) 162

3.48: Einkunn fyrir ferðina í heild (einkunnagjöf frá 0-10) 163

3.49: Til hvaða afþreyingar fannst svarendum mest til koma? (%) 164

Hversu vel/illa lýsa eftirfarandi staðhæfingar ástandinu? (sjá töflur 3.50 - 3.55)

3.50: „Kynningarefni gefur rétta mynd af Íslandi" (%) 167

3.51: „Ísland er hreint og ómengað land" (%) 168

3.52: „Ísland er öruggur ferðamannastaður" (%) 169

3.53: „Menning Íslands sker sig úr" (%) 170

3.54: „Ísland býður upp á fjölbreytta afþreyingu fyrir ferðamenn" (%) 171

3.55: „Það er gott að versla á Íslandi" (%) 172

3.56: Eru svarendur reiðubúnir að greiða aðgangseyri að þjóðgörðum landsins? (%) 173

3.57: Eru svarendur reiðubúnir að greiða aðgangseyri að friðuðum svæðum landsins? (%) 174

3.58: Eru svarendur reiðubúnir að greiða aðgangseyri að vinsælum ferðamannastöðum sem ekki hafa verndunargildi? (%) 175

Mat á verðlagningu einstakra þátta ferðaþjónustunnar (sjá töflur 3.59 - 3.67)

3.59: Mat á flugverði til Íslands (%) 176

3.60: Mat á gistiverði (%) 177

3.61: Mat á verðlagningu matar á veitingastöðum (%) 178

3.62: Mat á verðlagningu drykkja á veitingastöðum (%) 179

3.63: Mat á verðlagningu skoðunarferða (%) 180

3.64: Mat á verðlagningu bílaleigubíla (%) 181

3.65: Mat á verðlagningu annarra ferðamáta (%) 182

3.66: Mat á verðlagningu á gjafavöru/minjagripum(%) 183

3.67: Mat á verðlagningu á skemmtun/afþreyingu (%) 184

3.68: Hafa svarendur áhuga á að koma aftur til Íslands? (%) Á hvaða árstíma? (%) 185

3.69: Innan hve margra ára vilja svarendur koma aftur? (%) 186

©Ferðamálaráð Íslands

Uppbygging skýrslunnar

Eftirfarandi skýrsla fjallar um niðurstöður könnunar Ferðamálaráðs meðal erlendra ferðamanna fyrir tímabilið frá júní til ágúst 1999. Svör við einstökum spurningum eru unnin eftir þjóðerni og markaðssvæðum (viðauki 2), þjóðfélagsstöðu, tegund ferðar, tilgangi og gistimáta (viðauki 3). Í framhaldi af umfjöllun um framkvæmd og áreiðanleika eru niðurstöðurnar settar fram á myndrænan hátt, en þaðan er vísað í töflur í viðauka tvö og þrjú þar sem finna má heildarniðurstöður fyrir hverja spurningu.

Viðauki 1 (sjá bls. 35 til 41)
Í viðauka eitt er greining á þjóðfélagsstöðu svarenda og má þar finna kyn svarenda, aldur, starfsstétt, menntun og tekjur eftir markaðssvæðum og þjóðerni.

Viðauki 2 (sjá bls. 43 til 97)
Viðauki tvö skiptist í fjóra hluta (2.1, 2.2, 2.3 og 2.4). Viðauki 2.1 inniheldur svör um ákvörðunarferlið að Íslandsferðinni, þ.e. spurningum um hvaðan hugmyndin fékkst að ferðinni, þætti sem höfðu áhrif á ákvörðun um Íslandsferð, tilhögun ferðar og tegund, eftir markaðssvæðum[1] og þjóðerni. Í viðauka 2.2 er að finna svör um ferðahegðun á Íslandi. Þar má finna svör við spurningum um tilgang ferðarinnar, með hverjum var ferðast, dvalarlengd, dreifingu gistinátta eftir landshlutum, gistimáta, ferðamáta innanlands og afþreyingarhætti eftir markaðssvæðum og þjóðerni. Viðauki 2.3 er samantekt á útgjöldum og eyðsluháttum svarenda. Í viðauka 2.4 kemur fram huglægt mat svarenda á ýmsum þáttum sem tengjast íslenskri ferðaþjónustu og mat þeirra á íslensku verðlagi.

Viðauki 3 (sjá bls. 99 til 186)
Í viðauka þrjú eru svör við sömu spurningum og í viðauka tvö settar fram á sama hátt, en nú eftir bakgrunnsbreytunum; kyni, aldri, starfsstétt, menntun, tekjum, ferðamáta, tegund ferðar, tilgangi ferðar og gistimáta.

Framkvæmd og áreiðanleiki

Könnunin fór fram í Leifsstöð á tímabilinu júní til ágúst 1999. Allir útlendingar sem dvalið höfðu lengur en 24 klukkustundir í landinu töldust til ferðamanna. Skilyrði fyrir þátttöku voru, að svarendur hefðu náð 16 ára aldri og ekki dvalið lengur en þrjá mánuði í landinu. Spurningalistinn var lagður fyrir ferðamenn í Leifsstöð við brottför úr landinu, eftir að þeir höfðu farið í gegnum vegabréfsskoðun. Tveir spyrlar sáu um gagnasöfnunina hverju sinni. Í kynningunni á listanum kom fram að könnunin væri gerð á vegum Ferðamálaráðs og næði til erlendra ferðamanna á Íslandi. Helstu markmið með

[1] *Markaðssvæði eru greind og flokkuð eftir búsetu svarenda. Norðurlönd (Noregur, Danmörk, Svíþjóð og Finnland), V-/Mið-Evrópa (Bretland/Írland, Þýskaland, Sviss, Holland/Belgía og Austurríki), Suður-Evrópa (Frakkland, Ítalía, Spánn og Portúgal) og Norður-Ameríka (Bandaríkin og Kanada).*

©Ferðamálaráð Íslands

könnuninni voru kynnt og uppsetning spurningalistans útskýrð. Lögð var áhersla á að um nafnlausa könnun væri að ræða. Sá háttur var hafður á að svarendur fylltu spurningalistann út sjálfir en gátu leitað til spyrla sem jafnan voru til taks. Spyrlar sáu síðan um að safna listunum fyrir brottfararútkall. Farið var alls 59 skipti, 33 morgna, 22 síðdegi og fjögur kvöld. Auk þess var úrtak tekið fimm morgna á Seyðisfirði. Spurningalistanum var dreift til 4.247 ferðamanna. Alls skiluðu 3.648 listanum til baka og af þeim var unnið úr 3.504 svörum. Þar að auki bárust 1.050 neitanir, frá 525 körlum og 525 konum.

Úrtakið

Lögð var áhersla á að úrtakið endurspeglaði nokkurn veginn rétta þjóðernasamsetningu. Úrtakið var valið með hendingaraðferð og borið reglulega saman við brottfarartölur Útlendingaeftirlitsins á könnunartímabilinu til að leiðrétta ósamræmi milli úrtaks og raunverulegrar samsetningar þjóðerna. Af sömu ástæðu var könnunardögunum dreift á vikudagana með hliðsjón af umferð ferðamanna og því hvaða tíma dags brottfarir voru. Könnunin var á sex tungumálum, dönsku, ensku, þýsku, frönsku, spænsku og ítölsku.

Þeirri vinnureglu var fylgt að fá svör frá a.m.k. 2,5 prósentum þeirra erlendu ferðamanna sem fóru frá landinu á tímabilinu. Í úrvinnslunni var úrtakið vegið út frá daglegum brottfarartölum Útlendingaeftirlitsins til að leiðrétta frávik milli úrtaks og raunverulegrar samsetningar þjóðerna. Þannig eru allar tölur um fjölda ferðamanna í skýrslunni vegnar og markast niðurstöðurnar að sjálfsögðu af því.

©Ferðamálaráð Íslands

Vegið hlutfall þjóðerna

	Brottfarir ferðamanna* á könnunartímabili		Svarendur í könnun		Veginn fjöldi (tölur Útlendingaeftirlits)	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Bandaríkin/Kanada	15.721	13,3	497	14,2	443	13,4
Bretland/Írland	11.792	10,0	441	12,6	330	10,0
Þýskaland	19.778	16,7	605	17,3	552	16,7
Danmörk	10.224	8,6	183	5,2	287	8,7
Svíþjóð	10.067	8,5	209	6,0	281	8,5
Noregur	7.351	6,2	185	5,3	205	6,2
Finnland	3.387	2,9	64	1,8	96	2,9
Holland/Belgía	5.818	4,9	310	8,8	162	4,9
Sviss	4.317	3,7	126	3,6	119	3,6
Austurríki	1.933	1,6	56	1,6	53	1,6
Frakkland	9.577	8,1	374	10,7	268	8,1
Spánn/Portúgal	3.237	2,7	83	2,4	89	2,7
Ítalía	6.185	5,2	207	5,9	172	5,2
Lönd utan Evrópu	3.288	2,7	41	1,2	93	2,8
Annað	5.571	4,7	123	3,5	155	4,7
Samtals	118.246	100	3.504	100	3.305	100

*Heimild: Útlendingaeftirlitið; brottfarartölur

Tölfræðileg marktækni

Í könnunum getur orðið tilviljunarkennd skekkja í svörun sökum þess að úrtakið endurspeglar þýðið[2] ekki fyllilega. Hægt er að meta hversu mikil tilviljunarkennd úrtaksvilla er að líkindum. Þegar það er gert er oftast miðað við 95 prósent marktektarmörk eða vissu. Matið sjálft felst í því að reiknuð eru svokölluð vikmörk fyrir hverja þá hlutfallstölu sem áhugi er fyrir að skoða. Í töflunni hér að neðan hafa vikmörk verið reiknuð fyrir nokkrar hlutfallstölur miðað við 95 prósent vissu og með hjálp töflunnar er hægt að áætla gróflega hversu mikil úrtaksvillan er. Notkun á töflunni verður best skýrð með vísun í dæmi úr könnuninni:

Með því að skoða töflu 2.7 í viðauka 2.1 sjáum við hvaðan upplýsingar um Ísland voru fengnar. Fjögurhundruðþrjátíuogsjö N-Ameríkanar hafa gefið upp hvaðan þeir fengu upplýsingar og 535 Þjóðverjar. Með hliðsjón af fjölda svarenda og með hjálp vikmarkatöflunnar á bls. 10 er hægt að áætla með 95 prósent vissu hvaðan N-Ameríkanar fengu upplýsingar um Ísland á könnunartímabilinu. Ef taflan er skoðuð má sjá að 45,8 prósent N-Ameríkana fengu upplýsingar um Ísland á netinu, en mun lægra hlutfall Þjóðverja eða 24,8 prósent. Til þess að ganga úr skugga um hversu góð vísbending þessar tölur eru um hvaðan upplýsingar um Ísland voru fengnar förum við í vikmarkatöfluna. Í dálkinum lengst til vinstri finnum við hlutfallstöluna sem verið er að skoða (45,8) og í röðinni efst í töflunni finnum við fjölda svarenda (437). Þegar fjöldatalan lendir ekki á sléttu hundraði eða fimmtíu, námundum við hana, þ.e. notumst við fjöldatöluna 400 í þessu dæmi. Síðan finnum við hvar þessar tölur skarast og fáum þá

[2] *Þýði eru allir erlendir ferðamenn sem fóru frá Íslandi á tímabilinu. Úrtak er hins vegar sá hluti sem ætlað er að endurspegla þýðið.*

©Ferðamálaráð Íslands

út að vikmörkin eru 4,88. Það þýðir að með 95 prósent vissu getum við fullyrt að milli 40,9 - 50,7 prósent (45,8% ± 4,88) N-Ameríkana í þýðinu fengu upplýsingar um Ísland á netinu. Hið sama getum við gert við hlutfallstöluna fyrir Þjóðverja, en við höfum þegar fundið út að 24,8 prósent þeirra fengu upplýsingar á netinu. Með það í huga að fjöldi Þjóðverja á bak við þetta svar er 535 förum við í töfluna og finnum út að vikmörkin eru ±3,8 sem þýðir að með 95 prósent vissu getum við áætlað að 21,0 - 28,6 prósent Þjóðverja fengu upplýsingar á netinu.

Fjöldi svarenda

	50	100	200	300	400	500	600	700	800	900
Hlutfall										
5 eða 95%	6,04	4,27	3,02	2,47	2,14	19,1	1,74	1,61	1,51	1,42
10 eða 90%	8,32	5,88	4,16	3,39	2,94	2,63	2,40	2,22	2,08	1,96
15 eða 85%	9,90	7,00	4,95	4,04	3,50	3,13	2,86	2,65	2,47	2,33
20 eða 80%	11,09	7,84	5,54	4,53	3,92	3,51	3,20	2,96	2,77	2,61
25 eða 75%	12,00	8,49	6,00	4,90	4,24	3,80	3,46	3,21	3,00	2,83
30 eða 70%	12,70	8,98	6,35	5,19	4,49	4,02	3,67	3,39	3,18	2,99
35 eða 65%	13,22	9,35	6,61	5,40	4,67	4,18	3,82	3,53	3,31	3,12
40 eða 60%	13,58	9,60	6,79	5,54	4,80	4,29	3,92	3,63	3,39	3,20
45 eða 55%	13,79	9,75	6,89	5,63	4,88	4,36	3,98	3,69	3,45	3,25
50%	13,86	9,80	6,93	5,66	4,90	4,38	4,00	3,70	3,46	3,27

Í dæminu hér að ofan kom fram að líklega (95% vissa) fengu 40,9 - 50,7 prósent N-Ameríkana sem hingað komu á könnunartímabilinu upplýsingar um Ísland á netinu. Hlutfall Þjóðverja sem fengu upplýsingar á netinu liggur hins vegar á bilinu 21,0 - 28,6 prósent. Bilið sem þessar hlutfallstölur spannar er oftast nefnt öryggisbil. Þegar öryggisbil liggur fyrir er hægt að nota það til að meta hvort að marktækur munur er milli hlutfallstalna. Það er einfaldlega gert með því að bera saman öryggisbil tveggja hlutfallstalna (úr sömu spurningu). Ef öryggisbil þeirra skarast er ekki um marktækan mun á þeim að ræða, þ.e. sá munur sem er á milli þessara talna hefur líklega komið fram fyrir tilviljun, frekar en að hann sé raunverulegur í því þýði sem verið er að skoða. Aftur á móti ef öryggisbilið skarast ekki þá er hægt að segja að munurinn sé marktækur. Í þessu tilfelli skarast öryggisbil N-Ameríkana og Þjóðverja ekki (þ.e. hæsta mögulega öryggisbil). Hlutfall N-Ameríkana nær ekki inn á öryggisbil fyrir Þjóðverja sem þýðir að við getum áætlað með 95 prósent vissu að hlutfallslega fleiri N-Ameríkanar en Þjóðverjar á könnunartímabilinu fengu upplýsingar um Ísland á netinu.

©Ferðamálaráð Íslands

Samandregnar niðurstöður

Eftirfarandi samantekt fjallar um niðurstöður úr könnun Ferðamálaráðs fyrir tímabilið júní til ágúst 1999.

Þjóðfélagsstaða

Þrír svarendur af hverjum fimm voru karlar (sjá töflu 1.1 í viðauka 1.1).

Meðalaldur var 41 ár (sjá töflu 1.2 í viðauka 1.1). Fjórðungur svarenda var á aldrinum 26-35 ára, fimmtungur var 36-45 ára og fimmtungur 46-55 ára. Tæplega 16 prósent voru 25 ára og yngri, tæplega 14 prósent 56-65 ára og um fimm prósent 66 ára eða eldri (sjá töflu 1.3 í viðauka 1.1).

Þriðjungur svarenda var sérfræðingar eða háskólafólk, tæplega fimmtungur starfaði sem kennari eða í heilbrigðisgeiranum og um 15 prósent voru stjórnendur eða atvinnurekendur. Einn af hverjum tíu voru nemar, níu prósent voru lífeyrisþegar, húsmæður o.fl., átta prósent voru fólk í skrifstofu- og þjónustustörfum, um sex prósent voru iðnaðar- eða tæknimenn og um eitt prósent var verkafólk eða fólk í afgreiðslu- og þjónustustörfum (sjá töflu 1.4 í viðauka 1.1).

Þrír af hverjum fimm höfðu háskólapróf, um 16 prósent höfðu lokið framhaldsskóla og um 16 prósent starfs- eða tækninámi. Fimm prósent höfðu lokið grunnskóla (sjá töflu 1.5 í viðauka 1.1).

Um tveir af hverjum fimm sögðust hafa tekjur yfir meðallagi miðað við tekjur í eigin landi og tveir af hverjum fimm tekjur í meðallagi. Þrettán prósent höfðu háar tekjur og sjö prósent tekjur undir meðallagi (sjá töflu 1.6 í viðauka 1.1).

©Ferðamálaráð Íslands

Mynd 1: Hvaðan kom hugmyndin að Íslandsferð?



Ríflega þrír svarendur af hverjum fimm sögðust hafa fengið hugmyndina vegna áhuga á landi og þjóð og tæplega þriðjungur vegna vina eða ættingja á Íslandi. Ríflega einn af hverjum tíu nefndi bæklinga eða handbækur um Ísland, einn af hverjum tíu fyrri heimsókn, um níu prósent tímarits- eða blaðagrein um Ísland og tæplega níu prósent íslenskar bókmenntir eða kvikmyndir. Átta prósent nefndu sjónvarps- eða úvarpsþátt um Ísland, sjö prósent viðskiptatengsl á Íslandi og sex prósent auglýsingu í dagblaði eða tímariti. Um fimm prósent nefndu ferðaskrifstofu eða Flugleiðir og sama hlutfall internetið. Tæplega sjö prósent nefndu annað (sjá töflu 2.1 í viðauka 2.1 og töflu 3.1 í viðauka 3.1).

©Ferðamálaráð Íslands

Mynd 2: Hve löngu fyrir brottför fékkst hugmyndin að ferðinni/var ákvörðun tekin um ferðina?



Svarendur fengu hugmyndina að ferðinni að jafnaði þremur og hálfu ári fyrir brottför. Fjórðungur fékk hugmyndina innan fjögurra mánuða fyrir brottför, 17 prósent fjórum til átta mánuðum fyrir brottför, fimmtungur níu til tólf mánuðum og tæplega tveir af hverjum fimm meira en einu ári fyrir brottför (sjá töflu 2.2 í viðauka 2.1 og töflu 3.2 í viðauka 3.1).

Endanleg ákvörðun um ferðina var tekin að jafnaði átta mánuðum fyrir brottför. Helmingur tók endanlega ákvörðun innan fjögurra mánuða, tæplega þriðjungur fjórum til átta mánuðum og fimmtán prósent níu til tólf mánuðum fyrir brottför. Um fimm prósent tóku endanlega ákvörðun með ársfyrirvara eða meira (sjá töflu 2.3 í viðauka 2.1 og töflu 3.3 í viðauka 3.1).

©Ferðamálaráð Íslands

Mynd 3: Þættir sem höfðu áhrif á ákvörðun um Íslandsferð



Þrír svarendur af hverjum fjórum sögðu að áhugi á náttúrunni hefði haft áhrif á ákvörðun um Íslandsferð, tæplega þriðjungur nefndi íslenska menningu/sögu og 13 prósent vini og ættingja á Íslandi. Níu prósent nefndu möguleikann á viðkomu á Íslandi. Um sex prósent nefndu lágt flugverð eða verðtilboð og svipað hlutfall viðskiptatengsl eða ráðstefnu, fund á Íslandi. Tæplega fimm prósent nefndu menntun og rannsóknir og um þrjú prósent sérstakan viðburð. Þrjú prósent nefndu annað (sjá töflu 2.4 í viðauka 2.1 og töflu 3.4 í viðauka 3.1).

©Ferðamálaráð Íslands

Mynd 4: Á hvaða árstíma komu þeir til landsins sem höfðu heimsótt landið áður og hve oft höfðu þeir komið?



Fimmtungur svarenda hafði heimsótt landið áður. Þrír svarendur af hverjum fjórum höfðu komið yfir sumarmánuðina, ríflega fjórðungur hafði komið að hausti eða vori og rúmlega fimmtungur yfir vetrarmánuðina (sjá töflu 2.5 í viðauka 2.1 og töflu 3.5 í viðauka 3.1).

Af þeim sem áður höfðu heimsótt landið hafði helmingur komið einu sinni áður, tæplega fjórðungur tvisvar til þrisvar og um fjórðungur fjórum sinnum eða oftar (sjá töflu 2.6 í viðauka 2.1 og töflu 3.6 í viðauka 3.1).

©Ferðamálaráð Íslands



Tæplega helmingur svarenda hafði fengið upplýsingar um Ísland hjá ferðaskrifstofum erlendis og við lestur bæklinga og handbóka. Tæplega þriðjungur hafði fengið upplýsingar hjá vinum eða ættingjum og svipað hlutfall á netinu. Um 17 prósent fengu upplýsingar hjá Ferðamálaráði og um 13 prósent leituðu til Flugleiða. Tæplega sex prósent fengu upplýsingar hjá ferðaskrifstofum á Íslandi og átta prósent leituðu annað (sjá töflu 2.7 í viðauka 2.1 og töflu 3.7 í viðauka 3.1).



Níu svarendur af hverjum tíu sögðust ekki hafa átt í erfiðleikum með að afla sér upplýsinga um Ísland (sjá töflu 2.8 í viðauka 2.1). Af þeim sem áttu erfitt með að

nálgast upplýsingar nefndi helmingur að sölufulltrúi hefði haft takmarkaðar eða engar upplýsingar um Ísland, fimmtungur að takmarkað framboð væri af ferðahandbókum, 12 prósent að engin upplýsingaskrifstofa um Ísland væri til í landi svarenda, einn af hverjum tíu að engar upplýsingar væru til á tungumáli svarenda og um fimm prósent að bæklinga vantaði á söluskrifstofur. Fjögur prósent sögðust ekki hafa aðgang að netinu (sjá töflu 2.9 í viðauka 2.1).

Mynd 7: Hve löngu fyrir brottför var ferðin bókuð/keypt?



Ferðin var bókuð eða keypt að jafnaði um tíu vikum fyrir brottför. Tæplega fjórðungur keypti ferðina innan tveggja vikna fyrir brottför, tæplega fjórðungur tveimur til sex vikum og fimmtungur sex til tíu vikum fyrir brottför. Fjórðungur bókaði eða keypti ferðina tíu til tuttugu vikum fyrir brottför og um einn af hverjum tíu meira en tuttugu vikum fyrir brottför (sjá töflu 2.10 í viðauka 2.1 og töflu 3.8 í viðauka 3.1).

©Ferðamálaráð Íslands



Af þeim sem komu til landsins með flugi keyptu þrír svarendur af hverjum fjórum ferðina á ferðaskrifstofu, 15 prósent hjá Flugleiðum, tvö prósent hjá öðrum flugfélögum en Flugleiðum og fjögur prósent af fyrirtæki á Íslandi eða annars staðar. Fimm prósent sögðust ekki vita hvar ferðin var keypt (sjá töflu 2.11 í viðauka 2.1 og töflu 3.9 í viðauka 3.1). Ríflega helmingur svarenda með Norrænu ferjunni keyptu ferðinni hjá skrifstofum Norrænu, ríflega tveir af hverjum fimm á ferðaskrifstofu og eitt prósent annars staðar.



Þriðjungur svarenda var í pakkaferð, tæplega þrír af hverjum fimm voru á eigin vegum og einn af hverjum tíu í pakkaferð og á eigin vegum (sjá töflu 2.12 í viðauka 2.1 og töflu 3.10 í viðauka 3.1).

©Ferðamálaráð Íslands



Tæplega níu svarendur af hverjum tíu voru í fríi, einn af hverjum tíu var í heimsókn hjá vinum eða ættingjum, um sex prósent voru á ráðstefnu eða fundi og tæplega sex prósent í viðskiptaerindum. Tæplega fjögur prósent voru í náms- eða rannsóknaferð og um eitt prósent í öðrum erindagjörðum (sjá töflu 2.13 í viðauka 2.2 og töflu 3.11 í viðauka 3.2).



Ríflega þriðjungur ferðaðist með maka, tæplega fjórðungur með fjölskyldu eða ættingjum og um fimmtungur með vinum. Fimmtán prósent ferðuðust einir, 13 prósent með ferðahóp og um fimm prósent með viðskiptafélögum (sjá töflu 2.14 viðauka 2.2 og töflu 3.12 í viðauka 3.2).

©Ferðamálaráð Íslands



Meðalfjöldi gistinátta á landinu var 10,3 nætur (sjá töflu 2.15 í viðauka 2.2 og töflu 3.13 í viðauka 3.2). Langflestir gistu í Reykjavík í ferðinni. Tæplega þriðjungur gisti á Vesturlandi, einn af hverjum tíu á Vestfjörðum, tæplega helmingur á Norðurlandi, ríflega þriðjungur á Austurlandi, ríflega helmingur á Suðurlandi og tæplega fimmtungur á hálendinu (sjá töflu 2.16 í viðauka 2.2 og töflu 3.14 í viðauka 3.2). Gistinætur voru að jafnaði flestar í Reykjavík eða 3,5 talsins. Á Suðurlandi voru þær 2,2 að jafnaði, á Norðurlandi 1,7, á Austurlandi 0,8, á Vesturlandi og hálendinu 0,7 í hvorum landshluta og 0,3 á Vestfjörðum (sjá töflur 2.17 – 2.23 í viðauka 2.2 og töflur 3.15 – 3.21 í viðauka 3.2).



Tæplega þrír svarendur af hverjum fimm nýttu sér hótelgistingu í ferðinni. Tæplega þriðjungur gisti á gistiheimili, 15 prósent í bændagistingu og 14 prósent á farfuglaheimili. Um einn af hverjum tíu var hjá vinum eða ættingjum og tæplega fjórðungur í tjaldi eða húsvagni. Fjórtján prósent nýttu sér aðra tegund gistingar (sjá töflu 2.24 í viðauka 2.2 og töflu 3.22 í viðauka 3.2). Meðalfjöldi gistinátta á hóteli var að jafnaði þrjár talsins. Á gistiheimili var gist að jafnaði 1,4 nætur, í bændagistingu 0,6, á farfuglaheimilum 0,6, í tjaldi eða húsvagni 2,7 nætur og hjá vinum eða ættingjum eina nótt (sjá töflur 2.25 – 2.30 í viðauka 2.2 og töflur 3.23 – 3.28 í viðauka 3.2).

Mynd 14: Hvaða ferðamáti var nýttur?



Ríflega tveir svarendur af hverjum fimm ferðuðust í hópferðarútu og tæplega þriðjungur með áætlunarrútu. Þrír af hverjum tíu voru fótgangandi, fjórðungur ferðaðist með bílaleigubíl, tæplega fjórðungur með einkabíl og tæplega fimmtungur með leigubíl. Einn af hverjum tíu ferðaðist með innanlandsflugi og um sjö prósent með ferju. Þrjú prósent nýttu sér reiðhjól og fimm prósent annan ferðamáta (sjá töflu 2.31 í viðauka 2.2 og töflu 3.29 í viðauka 3.2).

©Ferðamálaráð Íslands

Mynd 15: Hvaða afþreying var nýtt á Íslandi?



Tæplega þrír fjórðu svarenda fóru í náttúruskoðunarferð, um þrír svarendur af hverjum fimm í hveralaug, ríflega helmingur í gönguferð og um helmingur í sund. Tæplega helmingur fór í dagsferð, ríflega tveir af hverjum fimm á söfn eða listasöfn og um þriðjungur í bátsferð. Ríflega fjórðungur skoðaði næturlífið, fjórðungur fór í hvalaskoðunarferð, tæplega fjórðungur í jökla- eða snjósleðaferð og fimmtungur fór á hestbak. Þrettán prósent fóru í fjallaferðir, sex prósent á tónleika eða í leikhús, tæplega fimm prósent í veiði og um þrjú prósent í fljótasiglingu. Um fimm prósent svarenda nýttu sér aðra afþreyingarmöguleika (sjá töflu 2.32 í viðauka 2.2 og töflu 3.30 í viðauka 3.2).

©Ferðamálaráð Íslands

Útgjöld

Heildarútgjöld allra svarenda í ferðinni voru að jafnaði 55.300,- ísl.kr., á dag 6.600,- (sjá töflur 2.33 – 2.34 í viðauka 2.3 og töflur 3.31 – 3.32 í viðauka 3.3).

Útgjöld og eyðsluhættir þeirra sem voru í pakkaferð

Pakkaferðin kostaði 134.400,- ísl.kr. að jafnaði. Flugmiði og gisting voru innifalin í pakkaverðinu í langflestum tilfellum. Útgjöld einstaklings fyrir utan pakkaferð voru 37.600,- kr. að jafnaði, 4.700,- kr. á dag (sjá töflur 2.35 – 2.38 í viðauka 2.3 og töflur 3.33 – 3.36 í viðauka 3.3).

Mynd 16: Útgjöld einstaklings á dag fyrir utan pakkaferð - flokkuð svör



Sjö svarendur af hverjum tíu sem voru í pakkaferð eyddu innan við fjögur þúsund kr. á dag fyrir utan pakkaferðina, ríflega einn af hverjum tíu eyddi fjögur til sex þús., fimm prósent á bilinu sex til átta þúsund og ríflega einn af hverjum tíu meira en átta þús. kr. á dag (sjá töflu 2.39 í viðauka 2.3).

©Ferðamálaráð Íslands

Útgjöld og eyðsluhættir þeirra sem ferðuðust á eigin vegum

Flugmiðinn kostaði 50.700,- ísl.kr. að jafnaði. Útgjöld einstaklings á eigin vegum voru að meðaltali 66.400,- kr. fyrir utan flugmiða eða 7.800,- kr. á dag (sjá töflur 2.40 – 2.42 í viðauka 2.3 og töflur 3.37 – 3.39 í viðauka 3.3).

Mynd 17: Útgjöld einstaklings á eigin vegum á dag fyrir utan flug - flokkuð svör



Tveir svarendur af hverjum fimm eyddu innan við fjögur þús. kr. á dag á Íslandi, sautján prósent fjögur til sex þús. og um 12 prósent sex til átta þúsund. Einn af hverjum tíu eyddi á bilinu átta til tíu þús. kr., tæplega sex prósent tíu til tólf þúsund og sextán prósent meira en tólf þúsund kr. á dag (sjá töflu 2.43 í viðauka 2.3).

Mynd 18: Álit á íslenskum aðstæðum og ferðinni

(Einkunnagjöf frá 0-10)



Svarendur gáfu ferðinni í heild sinni að jafnaði 8,6 í einkunn. Hæstu meðaleinkunnina fékk íslensk náttúra eða um níu og gestrisni Íslendinga, með um átta í einkunn. Þættir með einkunn á bilinu sjö til átta voru gisting, gæði ferðamannaupplýsinga og íslensk menning eða siðir. Matur og matargerð fékk tæplega sjö í einkunn, fjölbreytni og gæði minjagripa um sex í einkunn en lægstu meðaleinkunnina hlaut verðlagið eða þrjá (sjá töflur 2.44 – 2.52 í viðauka 2.4 og töflur 3.40 – 3.48 í viðauka 3.4).

©Ferðamálaráð Íslands

Mynd 19: Álit á náttúru, menningu/siðum, gestrisni, gæðum upplýsinga og minjagripum

(Einkunnagjöf frá 0-10)



Fjórir svarendur af hverjum fimm gáfu íslenskri náttúru hæstu einkunn (9-10), tæplega fimmtungur næsthæstu (7-8) og um þrjú prósent, sex eða lægri einkunn (sjá töflu 2.44 í viðauka 2.4 og töflu 3.40 í viðauka 3.4).

Þriðjungur svarenda gaf íslenskri menningu/siðum hæstu einkunn. Tveir af hverjum fimm gáfu einkunn á bilinu sjö til átta, tæplega fjórðungur fjóra til sex og um þrjú prósent þrjá eða lægri einkunn (sjá töflu 2.45 í viðauka 2.4 og töflu 3.41 í viðauka 3.4).

Ríflega helmingur gaf gestrisni Íslendinga hæstu einkunn, tæplega þriðjungur næsthæstu og um einn af hverjum tíu einkunn á bilinu fjórir til sex. Þrjú prósent gáfu þrjá eða lægri einkunn (sjá töflu 2.46 í viðauka 2.4 og töflu 3.42 í viðauka 3.4).

Ríflega þriðjungur svarenda gaf gæðum ferðamannaupplýsinga hæstu einkunn, tveir af hverjum fimm næsthæstu og fjórðungur einkunn á bilinu núll til sex (sjá töflu 2.47 í viðauka 2.4 og töflu 3.43 í viðauka 3.4).

Um 16 prósent svarenda gáfu fjölbreytni og gæðum minjagripa hæstu einkunn, tæplega þriðjungur næsthæstu og ríflega þriðjungur einkunn á bilinu fjórir til sex. Fjórtán prósent gáfu þessum þætti einkunn á bilinu núll til þrír (sjá töflu 2.48 í viðauka 2.4 og töflu 3.44 í viðauka 3.4).

©Ferðamálaráð Íslands

Mynd 19 frh: Álit á gistingu, mat/matargerð, verðlaginu og ferðinni í heild

(Einkunnagjöf frá 0-10)



Fjórðungur svarenda gaf gistingunni hæstu einkunn (9-10), ríflega tveir af hverjum fimm gáfu henni næsthæstu (7-8) og um fjórðungur einkunn á bilinu fjórir til sex. Um fimm prósent gáfu þessum þætti þrjá eða lægri einkunn (sjá töflu 2.49 í viðauka 2.4 og töflu 3.45 í viðauka 3.4).

Fimmtungur svarenda gaf mat og matargerð hæstu einkunn og ríflega þriðjungur næsthæstu. Tæplega þriðjungur gaf þessum þætti einkunn á bilinu fjórir til sex og einn af hverjum tíu þrjá eða lægri einkunn (sjá töflu 2.50 í viðauka 2.4 og töflu 3.46 í viðauka 3.4).

Þrír svarendur af hverjum fimm gáfu verðlaginu í landinu einkunn á bilinu núll til þrír. Ríflega fjórðungur gaf einkunn á bilinu fjórir til sex og níu prósent gáfu sjö eða hærri einkunn (sjá töflu 2.51 í viðauka 2.4 og töflu 3.47 í viðauka 3.4).

Tæplega þrír svarendur af hverjum fimm gáfu ferðinni í heild sinni hæstu einkunn og ríflega þriðjungur næsthæstu. Tæplega sjö prósent gáfu ferðinni sex eða lægri einkunn (sjá töflu 2.52 í viðauka 2.4 og töflu 3.48 í viðauka 3.4).

©Ferðamálaráð Íslands

Mynd 20: Til hvaða afþreyingar fannst svarendum mest til koma í ferðinni?



Fimmtungur svarenda heillaðist mest af Gullna hringnum, náttúruskoðunarferðum eða einstaka stöðum á Suðurlandi. Fimmtán prósent nefndu gönguferðir og svipað hlutfall hálendið og jökla- eða snjósleðaferð. Einum af hverjum tíu fannst mest til hestaferða koma og um átta prósent heilluðust mest af einstaka stöðum á Norðurlandi, hvalaskoðunarferðum eða hveralaug. Tæplega sex prósent nefndu fossa og innan við fimm prósent dagsferð, bátsferð, sund, fjallamennsku, söfn, leikhús, tónleika, næturlífið og fljótasiglingu (sjá töflu 2.53 í viðauka 2.4 og töflu 3.49 í viðauka 3.4).

Mynd 21: Hversu vel/illa lýsa eftirfarandi staðhæfingar ástandinu?



Flestir svarendur voru á því að „kynningarefni gæfi rétta mynd af Íslandi". Helmingur taldi þessa staðhæfingu standast frekar vel og fjórðungur mjög vel. Ríflega fimmtungur svaraði spurningunni með því að velja „hvorki né" (sjá töflu 2.54 í viðauka 2.4 og töflu 3.50 í viðauka 3.4).

Helmingur taldi staðhæfinguna „Ísland er hreint og ómengað land" vera mjög lýsandi, en ríflega þriðjungur taldi hana frekar lýsandi. Einn af hverjum tíu svaraði með „hvorki né" (sjá töflu 2.55 í viðauka 2.4 og töflu 3.51 í viðauka 3.4).

Sjö svarendur af hverjum tíu töldu staðhæfinguna „Ísland er öruggur ferðamanna-staður" lýsa ástandinu mjög vel og tæplega fjórðungur frekar vel. Sex prósent svöruðu með „hvorki né" (sjá töflu 2.56 í viðauka 2.4 og töflu 3.52 í viðauka 3.4).

Mynd 21 frh: Hversu vel/illa lýsa eftirfarandi staðhæfingar ástandinu?



Langflestir svarendur voru sammála því að „menning Íslands skæri sig úr". Tveir svarendur af hverjum fimm töldu staðhæfinguna standast mjög vel og þriðjungur frekar vel. Fimmtungur svaraði spurningunni með því að velja „hvorki né" (sjá töflu 2.57 í viðauka 2.4 og töflu 3.53 í viðauka 3.4).

Tæplega tveir af hverjum fimm töldu staðhæfinguna „það er fjölbreytt afþreying í boði á Íslandi" vera mjög lýsandi. Svipað hlutfall taldi hana frekar lýsandi, en um fimmtungur svaraði með „hvorki né" (sjá töflu 2.58 í viðauka 2.4 og töflu 3.54 í viðauka 3.4).

Helming svarenda fannst staðhæfingin "það er gott að versla á Íslandi" lýsa ástandinu frekar illa eða mjög illa. Tæplega þriðjungur svaraði spurningunni með „hvorki né", en tæplega fimmtungur taldi staðhæfinguna lýsa ástandinu frekar vel eða mjög vel (sjá töflu 2.59 í viðauka 2.4 og töflu 3.55 í viðauka 3.4).

©Ferðamálaráð Íslands

Mynd 22: Eru svarendur reiðubúnir að greiða aðgangseyri að þjóðgörðum, friðuðum svæðum og vinsælum ferðamannastöðum?



Tæplega helmingur svarenda sagðist vera reiðubúin að greiða aðgangseyri að þjóðgörðum landsins, ríflega tveir af hverjum fimm að friðuðum svæðum og ríflega þriðjungur að vinsælum ferðamannastöðum (sjá töflur 2.60 - 2.62 í viðauka 2.4 og töflur 3.56 - 3.58 í viðauka 3.4).

Mynd 23: Mat á verðlagningu einstakra þátta ferðaþjónustunnar



Fjórðungur svarenda taldi verðlagningu á flugi til Íslands hærri en þeir höfðu búist við, tveir þriðju töldu hana viðunandi og einn af hverjum tíu lægri (sjá töflu 2.63 í viðauka 2.4 og töflu 3.59 í viðauka 3.4).

©Ferðamálaráð Íslands

Tveimur svarendum af hverjum fimm fannst gisting dýrari en búist var við, helming fannst hún viðunandi og fjórum prósentum að hún væri ódýrari en búist var við (sjá töflu 2.64 í viðauka 2.4 og töflu 3.60 í viðauka 3.4).

Sjö svarendur af hverjum tíu töldu mat á veitingahúsum dýrari en þeir bjuggust við og ríflega sjö af hverjum tíu drykki á veitingahúsum. Ríflega fjórðungi fannst verðlagning á mat viðunandi og fjórðungi fannst hið sama um drykki. Fáum fannst verð á þessum þáttum lægra en þeir bjuggust við (sjá töflur 2.65 - 2.66 í viðauka 2.4 og töflur 3.61 - 3.62 í viðauka 3.4).

Tveimur af hverjum fimm svarendum fannst verð á skoðunarferðum hærra en þeir bjuggust við, ríflega helming fannst það viðunandi og fjórum prósentum það lægra en þeir höfðu búist við (sjá töflu 2.67 í viðauka 2.4 og töflu 3.63 í viðauka 3.4).

Mynd 23 frh: Mat á verðlagningu einstakra þátta ferðaþjónustunnar



Sjö af hverjum tíu svarendum fannst verð á bílaleigubílum hærra en þeir höfðu búist við, en um tveimur af hverjum fimm fannst hið sama um aðra ferðamáta. Ríflega fjórðungur taldi verð á bílaleigubílum viðunandi, en helmingur verð á öðrum ferðamátum. Fáum fannst verðlagning á þessum þáttum lægri en þeir höfðu búist við (sjá töflur 2.68 - 2.69 í viðauka 2.4 og töflur 3.64 - 3.65 í viðauka 3.4).

©Ferðamálaráð Íslands

Helmingi svarenda fannst gjafavara og minjagripir dýrari en þeir bjuggust við, um tveimur af hverjum fimm fannst verðið viðunandi og tæpum fjórum prósentum fannst þessi vara ódýrari (sjá töflu 2.70 í viðauka 2.4 og töflu 3.66 í viðauka 3.4).

Ríflega tveir svarendur af hverjum fimm töldu verðlagningu á skemmtun og afþreyingu hærri en þeir bjuggust við, helmingi fannst hún viðunandi og tæpum sex prósentum hún vera lægri en búist var við (sjá töflu 2.71 í viðauka 2.4 og töflu 3.67 í viðauka 3.4).

Mynd 24: Á hvaða árstíma vildu svarendur koma aftur og innan hve margra ára?



Tæplega níu svarendur af hverjum tíu sögðust hafa áhuga á að heimsækja landið aftur. Langflestir eða fjórir af hverjum fimm vildu koma að sumri til, fimmtungur að hausti eða vori og svipað hlutfall yfir vetrarmánuðina (sjá töflu 2.72 í viðauka 2.4 og töflu 3.68 í viðauka 3.4).

Helmingur svarenda vildi koma aftur til Íslands innan þriggja ára, fjórðungur innan fjögurra til sex ára og tæplega fjórðungur síðar (sjá töflu 2.73 í viðauka 2.4 og töflu 3.69 í viðauka 3.4).

©Ferðamálaráð Íslands

Hvernig lýsa svarendur Íslandi með einu orði?

Fjölmörg orð voru notuð til að lýsa Íslandi s.s.„fallegt" (9,7%), „áhugavert" (5,8%), „náttúra, náttúruundur o.fl" (5,6%), „stórkostlegt" (5,2%), „mikilfenglegt" (4,7%), „öðruvísi" (3,5%), „frábært" (3,1%), „hrífandi" (2,9%), „undursamlegt" (2,7%), „dýrt" (2,7%), „einstakt" (2,6%), „ótrúlegt" (2,4%), „þess virði" (2,4%), „óspillt, hreint" (2,0%), „kalt" (1,8%), „spennandi" (1,7%), „tilkomumikið" (1,7%), „óvænt, ógleymanlegt o.fl." (1,6%), „blautt, vindasamt o.fl." (1,6%) og „villt, ótamið" (1,4%) (sjá töflu 2.74 í viðauka 2.4).

©Ferðamálaráð Íslands

Viðauki 1

©Ferðamálaráð Íslands

Viðauki 1.1

Þjóðfélagseinkenni

©Ferðamálaráð Íslands

Tafla 1.1 Kyn svarenda (%)

	Karlar	Konur	Fjöldi
Allir	*59,4*	*40,6*	*3227*
Markaðssvæði			
Norðurlönd	57,1	42,9	811
V-/Mið-Evrópa	64,2	35,8	1157
S-Evrópa	57,8	42,2	507
N-Ameríka	53,5	46,5	443
Annað	61,5	38,5	210
Þjóðerni			
Bandaríkin/Kanada	53,7	46,3	436
Bretland/Írland	58,6	41,4	326
Þýskaland	72,1	27,9	524
Danmörk	54,7	45,3	277
Svíþjóð	56,6	43,4	278
Noregur	57,7	42,3	202
Finnland	60,0	40,0	93
Holland/Belgia	58,9	41,1	158
Sviss	49,1	50,9	112
Austurríki	62,7	37,3	52
Frakkland	59,6	40,4	263
Spánn	56,2	43,8	90
Ítalía	54,0	46,0	171
Önnur Evrópulönd	71,2	28,8	89
Lönd utan Evrópu	57,4	42,6	155

Tafla 1.2 Aldur svarenda

	Meðalaldur	Miðgildi	Staðalfrávik	Fjöldi
Allir	*41,1*	*40,0*	*14,8*	*3032*
Markaðssvæði				
Norðurlönd	41,4	42,0	14,0	773
V-/Mið-Evrópa	41,2	40,0	14,9	1081
S-Evrópa	38,4	36,0	13,8	494
N-Ameríka	44,8	45,0	16,7	408
Annað	39,4	39,0	14,6	184
Þjóðerni				
Bandaríkin/Kanada	44,5	45,0	16,9	402
Bretland/Írland	43,4	43,0	14,1	302
Þýskaland	41,4	40,0	15,6	487
Danmörk	42,4	44,0	14,5	266
Svíþjóð	42,1	43,0	14,3	268
Noregur	40,1	41,0	13,3	189
Finnland	40,2	39,5	13,3	91
Holland/Belgía	40,0	37,0	14,3	145
Sviss	38,7	38,0	15,0	110
Austurríki	38,5	40,0	13,8	48
Frakkland	39,2	38,0	14,4	257
Spánn	36,5	35,0	12,6	85
Ítalía	38,7	35,5	13,5	167
Önnur Evrópulönd	39,0	39,5	14,3	75
Lönd utan Evrópu	37,6	34,0	13,8	138

©Ferðamálaráð Íslands

Tafla 1.3 Aldur flokkaður (%)

	< 25 ára	26-35	36-45	46-55	56-65	66 >	Fjöldi
Allir	*15,7*	*24,7*	*20,5*	*20,2*	*13,7*	*5,3*	*3032*
Markaðssvæði							
Norðurlönd	16,2	19,9	22,9	21,9	16,7	2,4	773
V-/Mið-Evrópa	14,2	26,8	19,8	19,4	14,3	5,5	1081
S-Evrópa	16,4	32,0	21,6	18,4	8,1	3,4	494
N-Ameríka	15,6	16,7	18,6	21,1	13,9	14,1	408
Annað	17,6	29,2	16,3	21,9	12,7	2,3	184
Þjóðerni							
Bandaríkin/Kanada	16,0	16,5	18,4	21,7	13,2	14,2	402
Bretland/Írland	9,9	23,4	22,9	21,5	16,1	6,2	302
Þýskaland	14,9	27,6	17,5	18,0	15,4	6,5	487
Danmörk	17,6	15,5	19,7	26,1	19,0	2,1	266
Svíþjóð	15,9	19,9	22,7	18,2	19,3	4,0	268
Noregur	15,9	22,9	23,6	24,8	10,8	1,9	189
Finnland	16,7	22,2	24,1	24,1	11,1	1,9	91
Holland/Belgía	13,5	31,2	21,9	17,7	9,9	5,7	145
Sviss	18,7	27,7	20,5	15,2	15,2	2,7	110
Austurríki	27,7	17,0	17,0	25,5	12,8	-	48
Frakkland	18,7	27,2	19,3	22,9	7,4	4,5	257
Spánn	15,9	34,8	26,1	14,5	8,7	-	85
Ítalía	12,8	37,2	22,4	14,3	10,2	3,1	167
Önnur Evrópulönd	20,0	24,0	22,0	18,0	14,0	2,0	75
Lönd utan Evrópu	15,7	39,2	17,6	15,7	9,8	2,0	138

Tafla 1.4 Starfsstétt svarenda (%)

	Verka-/afgr.-/gæslu fólk	Iðn-aðar-/tækni-menn	Skrif stofu/ þjón-ust.f.	Kenn-arar/ heilbr. stéttir	Sérfr./ há-skóla fólk	Stjórn. /atv. rek.	Nem ar	Lífeyris þegar/ húsm./ o.fl.	Fjöldi
Allir	*1,2*	*6,2*	*8,2*	*17,3*	*32,5*	*15,2*	*10,5*	*9,0*	*3196*
Markaðssvæði									
Norðurlönd	2,5	8,8	9,8	17,8	29,8	15,7	11,6	3,9	796
V-/Mið-Evrópa	0,8	7,4	7,2	15,3	35,4	13,7	8,9	11,3	1162
S-Evrópa	0,3	3,2	13,5	20,0	25,1	20,8	11,9	5,1	498
N-Ameríka	0,5	2,6	3,0	17,1	36,4	13,1	9,4	18,0	436
Annað	3,3	4,7	4,6	20,7	32,7	14,8	12,0	7,2	207
Þjóðerni									
Bandar./Kanada	0,2	2,9	2,9	16,7	35,8	14,0	9,6	18,0	427
Bretland/Írland	1,6	3,7	7,1	11,3	38,2	15,8	6,1	16,3	324
Þýskaland	-	8,4	7,3	13,8	37,1	11,7	11,1	10,6	527
Danmörk	1,4	11,6	11,0	23,3	17,8	19,2	11,6	4,1	274
Svíþjóð	1,7	8,4	3,9	17,3	45,8	7,3	10,6	5,0	273
Noregur	4,9	7,3	17,1	13,4	20,7	20,7	12,8	3,0	198
Finnland	3,7	1,9	5,6	14,8	46,3	11,1	14,8	1,9	91
Holland/Belgía	1,9	9,7	7,3	17,0	35,0	13,6	7,3	8,3	156
Sviss	0,8	12,5	8,3	24,2	23,3	14,2	7,5	9,2	118
Austurríki	-	5,9	2,0	27,5	29,4	13,7	13,7	7,8	52
Frakkland	0,3	2,2	5,9	20,8	23,6	28,1	12,9	6,2	259
Spánn	-	5,5	19,2	26,0	23,3	12,3	9,6	4,1	90
Ítalía	0,5	3,1	23,7	17,0	28,9	14,4	8,8	3,6	166
Önnur Evrópul.	1,8	8,8	3,5	15,8	29,8	21,1	14,0	5,3	86
Lönd utan Evrópu	3,5	0,9	7,0	20,9	36,5	11,3	13,0	7,0	155

©Ferðamálaráð Íslands

Tafla 1.5 Menntun svarenda (%)

	Grunnskóli	Framhalds-skóli	Starfs.-/ tækninám	Háskóli	Fjöldi
Allir	*4,8*	*16,4*	*16,5*	*62,3*	*3170*
Markaðssvæði					
Norðurlönd	8,9	14,3	17,7	59,1	789
V-/Mið-Evrópa	3,1	19,9	24,9	52,1	1159
S-Evrópa	3,6	20,9	7,9	67,6	478
N-Ameríka	3,4	7,1	4,1	85,4	446
Annað	3,4	11,1	11,8	73,6	205
Þjóðerni					
Bandaríkin/Kanada	3,3	7,6	3,5	85,7	437
Bretland/Írland	0,5	15,0	20,5	63,9	324
Þýskaland	5,0	21,6	25,8	47,6	530
Danmörk	12,8	12,1	26,2	49,0	279
Svíþjóð	6,8	18,7	8,0	66,5	268
Noregur	10,6	11,9	17,5	60,0	193
Finnland	2,0	15,7	19,6	62,7	86
Holland/Belgía	1,0	12,3	28,9	57,8	155
Sviss	3,4	34,2	27,4	35,0	115
Austurríki	4,1	26,5	32,7	36,7	50
Frakkland	3,0	11,4	8,4	77,2	242
Spánn	3,0	12,1	10,6	74,2	82
Ítalía	4,6	38,6	6,6	50,3	168
Önnur Evrópulönd	3,5	14,0	14,0	68,4	86
Lönd utan Evrópu	3,5	11,4	8,8	76,3	154

Tafla 1.6 Tekjur svarenda miðað við meðaltal í eigin landi (%)

	Undir meðallagi	Meðal	Yfir meðallagi	Háar	Fjöldi
Allir	*7,1*	*39,1*	*41,0*	*12,8*	*3020*
Markaðssvæði					
Norðurlönd	6,4	38,5	41,7	13,4	736
Norðvestur Evrópa	9,2	40,0	40,4	10,4	1116
S-Evrópa	6,4	44,4	39,3	9,8	470
N-Ameríka	4,1	29,9	43,0	23,0	427
Annað	5,5	38,1	46,2	10,2	183
Þjóðerni					
Bandaríkin/Kanada	3,6	29,7	43,2	23,4	421
Bretland/Írland	7,9	32,9	42,7	16,4	312
Þýskaland	12,0	44,6	38,1	5,3	507
Danmörk	9,2	31,9	41,1	17,7	264
Svíþjóð	6,9	35,2	45,9	11,9	242
Noregur	2,6	49,7	36,4	11,3	182
Finnland	8,0	46,0	38,0	8,0	84
Holland/Belgía	4,6	35,5	42,6	17,3	149
Sviss	6,3	47,7	42,3	3,6	109
Austurríki	8,9	55,6	33,3	2,2	46
Frakkland	6,3	40,3	41,8	11,6	244
Spánn	5,7	52,9	35,7	5,7	87
Ítalía	7,7	45,9	37,0	9,4	154
Önnur Evrópulönd	7,3	41,8	38,2	12,7	83
Lönd utan Evrópu	4,0	35,0	48,0	13,0	135

©Ferðamálaráð Íslands

Viðauki 2

©Ferðamálaráð Íslands

Viðauki 2.1

Ákvörðunarferlið

©Ferðamálaráð Íslands

Tafla 2.1 Hvaðan kom hugmyndin að Íslandsferð? (%)*

	Áhugi á landi/þjóð	Vinir/ ætt.	Bækl./ handb.	Fyrri heimsókn	Tímar./ blaðagrein	Ísl. bókm./ kvikm.
Allir	*65,2*	*30,4*	*11,8*	*10,1*	*9,4*	*8,8*
Markaðssvæði						
Norðurlönd	59,8	36,6	6,4	14,8	2,9	7,0
V-/Mið-Evrópa	69,4	27,5	15,5	9,1	13,0	11,2
S-Evrópa	86,5	22,6	9,6	5,2	16,5	4,3
N-Ameríka	43,7	36,2	11,9	10,7	6,4	13,2
Annað	59,1	30,2	15,6	10,0	4,1	5,3
Þjóðerni						
Bandar./Kanada	43,8	35,7	12,2	11,5	6,3	12,9
Bretland/Írland	52,4	29,8	11,5	6,5	7,9	5,0
Þýskaland	78,5	22,3	16,5	10,8	17,8	15,5
Danmörk	60,8	41,9	4,7	22,3	3,4	1,4
Svíþjóð	59,1	32,6	9,9	9,4	2,2	11,0
Noregur	58,3	42,9	3,0	14,3	4,2	7,7
Finnland	53,6	23,2	12,5	5,4	3,6	5,4
Holland/Belgía	62,4	32,4	15,5	8,9	8,5	9,9
Sviss	81,0	31,4	22,3	8,3	16,5	14,9
Austurríki	76,9	26,9	13,5	9,6	7,7	7,7
Frakkland	87,2	26,4	11,1	7,8	8,6	6,1
Spánn	87,5	18,1	5,6	2,8	15,3	-
Ítalía	82,4	20,1	8,5	2,5	27,6	2,5
Önnur Evrópul.	72,1	31,1	16,4	18,0	3,3	8,2
Annað	54,8	31,3	15,7	2,6	4,3	7,0

**Samanlögð % hærri en 100 þar sem merkja mátti við fleiri en 1 valmöguleika.*

Tafla 2.1 frh.

	Sjónvarps-/útv.þáttur	Viðskipta-tengsl	Auglýs. í dagbl./tímar.	Ferðaskr./ Flugleiðir	Internet	Annað	Fjöldi
Allir	*7,8*	*6,8*	*5,8*	*5,3*	*5,3*	*6,7*	*3256*
Markaðssvæði							
Norðurlönd	4,3	15,0	4,6	2,4	4,8	9,8	808
V-/Mið-Evrópa	12,5	3,8	5,9	4,7	4,4	6,2	1188
S-Evrópa	7,6	0,9	6,9	3,2	4,4	3,1	504
N-Ameríka	1,7	5,0	7,1	14,5	9,0	7,1	442
Annað	8,1	9,1	5,4	6,6	6,1	6,9	211
Þjóðerni							
Bandar./Kanada	1,7	5,4	7,4	13,7	8,3	7,6	435
Bretland/Írland	9,2	6,5	9,7	3,9	3,4	7,3	326
Þýskaland	16,0	2,2	5,2	6,0	4,5	5,5	543
Danmörk	6,1	18,9	4,1	0,7	4,1	12,2	277
Svíþjóð	3,9	11,6	4,4	2,8	6,1	4,4	276
Noregur	2,4	11,9	4,2	3,0	3,6	7,7	202
Finnland	3,6	17,9	5,4	1,8	5,4	16,1	94
Holland/Belgía	10,3	4,7	4,7	4,2	7,5	7,0	161
Sviss	11,6	4,1	1,7	5,0	3,3	5,8	119
Austurríki	5,8	1,9	5,8	1,9	5,8	9,6	53
Frakkland	8,1	2,5	3,6	4,4	3,1	4,7	262
Spánn	11,1	-	4,2	2,8	6,9	1,4	89
Ítalía	6,5	-	13,1	1,5	6,0	1,5	170
Önnur Evrópul.	9,8	9,8	6,6	6,6	4,9	3,3	92
